

Jafnréttisáætlun

Það er stefna Blásala að jafnréttismenntun sé samofin öllu skólstarfinu og taki mið af Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar um ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Sérstakar ráðstafanir verða gerðar til þess að koma fyrir kynbundin eða kynferðislegt áreitni í skólanum. Skólinn mun fræða nemendur sína um kynferðislegt áreitni og kynbundið ofbeldi. Fyrir starfsfólk skólans verður fræðsla og umræður um einkenni kynferðislegaráreitni og kynbundið ofbeldis og hvernig eigi að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Tryggt skal að nemendur viti hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

„ Hún snýr ekki bara að kynjamisrétti heldur öllu því sem hindrar nemendur, útilokar þá eða mismunar þeim í daglegur lífi og skólstarfi. Hún byggir á hugsjón um rétt barna og unglunga til velferðar og vellíðunar í skólum þar sem sanngirni og réttlæti öllum til handa eru í hávegum hafðar. (Ritröð um grunnþætti menntunar. Jafnrétti. .“ Bls. 53.)

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sendur

29. grein Markmið menntunar

Menntun á gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins.

Markmið Blásala í jafnréttismálum.

1. Skipulag leikskólans vinnur að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni í námi og leik.
2. Stuðla að samvinnu og vináttu beggja kynja.
3. Umræður og fræðsla um á hvern hátt er hægt að vernda heilsu og líkama sinn.
4. Að starfsmenn séu meðvitaðir um jafnræði í framkomu og viðmóti.

Leiðir leikskólans:

- Í bókum og texta sem lesið er fyrir börnin verður þess gætt að fjallað sé um vináttu og leik barna að báðum kynum, jafnvægis milli kynja og fjölbreytileika í hlutverkum.
- Að leikfangakostur leikskólans höfði til beggja kynja.
- Bæði drengir og stúlkur eru hvött til þess að tjá sig og eru með í ýmsu skipulagi og lýðræðislegum ákvörðum sem varða skólann.
- Að hausti er fræðsla og umræður með börnunum um þeirra einka staði. Sýnt verður myndband og/eða lesnar bækur. Foreldrar verða í samstarfi og látnir vita.
- Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir markmið og leiðir leikskólans og fengin fræðsla ef þurfa þykir.
- Starfsfólk er meðvitað um að hvetja bæði kynin til samvinnu og tala á sama hátt við drengi og stúlkur.
- Nýtt starfsfólk er upplýst um markmið og leiðir skólans.
- Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og auglýsingar og upplýsingar höfði til beggja foreldra, feður og mæður fá jafn mikla hvatningu til að mæta á foreldrafundi, foreldraviðtöl, taka sæti í nefndum og ráðum sem tengjast skólastarfinu.

Markmið og leiðir leikskólans verða endurskoðuð og metnar tvisvar á ári, í desember og í maí. Þá verður farið yfir hvernig áætlunin og leiðir tókust, hvort þeim var framfylgt og hvort þarf að bæta e.h. eða breyta.

Allar upplýsingar verða aðgengilegar á heimasíðu skólans og starfsmannahandbók.